



BLAÐIÐ

2006

-  **Meðal efnis:**
-  **Þurfum afreksstefnu**
-  **KR-klúbburinn**
-  **Áskorun að koma í KR**
-  **Styrkist í trúnni**
-  **Komin heim**
-  **Plakat**

HORFT TIL FRAMTÍÐAR



Landsbankinn





Landsbankinn

GOTT PÓLK MCGANN

LANDS
BANKA
DEILDIN

ALLIR

LEIKIRNIR

SEM SKIPTA



SYN
besta samtíð



POLINMÆÐI er dyggð

Það eru fáir stuðningsmenn kröfuharðari en stuðningsmenn KR eins og við þekkjum öll. Við KR-ingar viljum alltaf sjá liðið okkar í fremstu röð og þar skiptir litlu hvort talað sé um kvenna- eða karlaboltann. Því getur uppbyggingatími eins og nú verið stuðningsmönnum liðsins erfiður. Því er rétt að staldra við og horfa til framtíðar með polinmæðina að vopni því það er vítað mál að KR er og verður alltaf eina stórveldið í íslenski knattspyrnu.

KR er sigursælasta lið allra tíma á Íslandi og því geta þrjú tímabil án Íslandsmeistaratitils verið stuðningsmönnum liðsins erfið. Bikarmeistaratitill í vor gæti róað taugarnar en það er klárt mál að með Teit Þórðarson í brúnni erum við með mann sem getur fært karlalið KR þangað sem það á réttilega að vera, á toppinn. Allt sem við þurfum er að sýna polinmæði og styðja rækilega við bakið á ungu liði okkar því efniviðurinn er svo sannarlega til staðar. Hvað er skemmtilegra en að sjá lið fullt af uppöldum KR-ingum færa liðið til hæstu hæða. Að horfa á æfingu Teits með unga leikmenn liðsins fyrir hádegi á virkum degi gerir lítið annað en að fylla mann bjartsýni enda kann þjálfarinn klárlega til verka.

Við megum samt ekki gleyma stelpunum okkar. Helena er ekki síður frábær þjálfari en Teitur og hún er einnig með stórefnilegt lið í höndunum. Við þurfum að muna að mæta á völinn og styðja við bakið á stelpunum því þær bjóða líka upp á mikla skemmtun og eiga ef vel er haldið á spöðunum eftir að sópa inn titlum í náinni framtíð, slíkur er efniviðurinn.

Þegar lítið er til framtíðar er ljóst að efniviðurinn er til staðar. Við, kröfuhörðu stuðningsmenn, verðum að muna að sýna polinmæði, styðja við bakið á liðinu og njóta þess sem framtíðin ber í skauti sér.

Framtíðin er svört og hvít, framtíðin er KR.



Efnisyfirlit:

Bls. 5	Komin heim
Bls. 7	Áskorun að koma í KR
Bls. 9	Framtíðarjaxl
Bls. 11	Hin hliðin
Opna	Plakat
Bls. 13	Þurfum að marka afreksstefnu
Bls. 16	Styrkist í trúnni
Bls. 19	Sú efnilegasta
Bls. 21	Fleiri áhorfendur
Bls. 23	Stöndum saman



MEDIA GROUP ehf

Umsjón og ábyrgð:

Útgefandi: Media Group ehf

Ritstjóri: Guðmundur M. Ingvarsson

Blaðamenn: Guðmundur Marínó
Ingvarsson
Hilmar Þórlindsson

Ljósmyndun: Daníel Rúnarsson
Gísli Baldur Gíslason

Umbrot: Mafia.is
Prentun: Íslandsprent

www.mediagroup.is





HÖFUÐ, HERÐAR ...



Ibúfen[®] – Bólgueyðandi og verkjastillandi

Notkunarvið Ibúfen inniheldur Ibúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og jafnframt hitaeldkandi lyf. Lyfið er notað við liðsögigt, ákúgigt, tíðaverkjum, tennginu og höfuðverk. Einnig má nota það sem verkjalyf eftir mínrihættar aðgerðir, t.d. tannból. Varðsamaglum! Fólk sem hefur ónæmi fyrir Ibúprófeni eða er með skort á lífræstarfæmi má ekki nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, neflnúsbólgu eða ofsaláða efir tölu acetylsalicylsýnu eða annarra bólgueyðandi lyfa (annarra en berlarsa) ætti ekki að nota lyfið. Notaðu lyfið með varð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík ár. Lyfið er ekki ætlað barnahafandi konum. Aukaverksamt Ibúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. ónæmi (óbrott) og meltingarþægindum. Skómantæru Nákvæmar leiðbeiningar um skómntæru fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 1409.85

actavis
hagur í heðnu

KOMIN HEIM



Olga Færseth er líklegast markheppnasti leikmaður Íslands fyrr og síðar. Olga er komin heim í KR eftir þriggja ára verbúðardvöl í Vestmannaeyjum og mun án nokkurs vafa hjálpa ungu og efnilegu liði KR í þeirri uppbyggingavinnu sem þar fer fram og í baráttunni við Val og Breiðablik í sumar.

Hvernig er að vera komin heim?

„KR er mitt lið og hér hefur mér alltaf liðið vel. Ég hafði leikið í 8 ár með KR áður en ég fór til ÍBV þar sem ég átti 3 skemmtileg ár en heima er best.“

KR gekk vel á undirbúningstímabilinu þó Landsbankadeildin hafi ekki farið eins vel af stað og vonir stóðu til enda með fámennan hóp til að byrja með þar sem flestar stelpurnar eru enn í 2. flokki.

„Við æfðum stíft í allan vetur og mér finnst við vera með

virkegla skemmtilega blöndu af leikmönnum. Ungu leikmennirnir tóku miklum framförum í vetur og sumarið á eftir að verða skemmtilegra eftir því sem lengra liður á það.“

Stefnum alltaf hátt

Olga átti ekki í miklum vandræðum með að aðlagast hópnum hjá KR eftir fjarveruna og hefur henni og hinum nýju leikmönnum gengið mjög vel að falla inn í hópinn. „Það eru finir karakterar í þessu liði og ég held að stelpurnar líti bara á mig eins og hvern annan leikmann sem er hérna til að ná árangri. Ég eins og þær ætlast til mikils af mínum samherjum rétt eins og af sjálfri mér. Okkur hefur öllum verið tekið mjög vel.“

Þó Valur og Breiðablik hafi nánast stungið önnur lið af í deildinni er nóg eftir af tímabilinu og eru markmið Olgu þau sömu og í upphafi sumars.

„Stefnan er alltaf sett á efsta sætið þó það sé erfitt að ná því eins og er. Deildin er sterk og það eru fjögur lið sem geta barist um titilinn en til að svo verði verða Valur og

Breiðablik að fara að tapa stigum. Ef allir eru heilir eigum við að geta hirt þau stig sem þarf af þessum liðum þegar liður á sumarið.“

Olga var meira og minna meidd allt síðasta tímabil og lagði því mjög hart að sér, til að vera í toppformi í sumar, í vetur. „Þegar maður er á 31. aldursári þarf maður að leggja meira á sig og það hef ég gert. Þó ég sé í örlítið breyttu hlutverki hjá KR er stefnan sett á markakóngstítillinn eins og alltaf. Ég er reyndar meira í því hlutverki að leggja upp mörkin en skora þau eins og við höfum spilað og skora því ekki eins mikið og í gengum árin en mér líkar ekki síður að leggja upp mörkin en skora þau.“

Olga er mikill aðdáandi Helenar Ólafsdóttur þjálfara KR og telur hana vera réttu manneskjuna í að búa til sterkt lið úr þeim mikla efnivið sem er í KR.

„Helena er mjög hæfur þjálfari sem nær vel til stelpnanna. Hún nær að finna þessa hárfínu línu sem þjálfari þarf að hafa, hún er með jafnvægið á milli alvörunnar og léttleikans alveg á hreinu. Ég bæði spilaði með henni í mörg ár og lék undir hennar stjórn í landsliðinu og það er sama hvað hún tekur sér fyrir hendur, hún gerir það vel. Það sýndi sig hjá Val og landsliðinu að hún náði öllu því besta út úr leikmönnum og ég tel að hún muni gera það einnig hjá KR.“

Mikill efniviður hjá KR

Olga er reynslumikill leikmaður og er fljót að sjá hvort ungir leikmenn hafa það sem þarf til að skara fram úr. Hún segir að það sé fjöldi ungra leikmanna hjá KR sem hafa sýnt það að þær eiga að eiga lið í fremstu röð í nákominni framtíð.

„Það eru margar ungar stelpur sem hafa fengið sín tækifæri, bæði í byrjun tímabils og á undirbúningstímabilinu og hafa þær svo sannarlega nýtt sér það. Þær eru nokkrar sem eru nú þegar komnar í þann klassa sem þarf til að vera í góðu liði. Framtíðin er björt. Það er fjöldi stelpna sem eru að koma upp núna í ár sem eiga bara eftir að verða betri. Þær verða bara að nýta þau tækifæri sem gefast og vinna stöðugt í sínum málum til að verða enn betri. Þær eru margar efnilegar en Katrín Ómarsdóttir er líklega eitt mesta efni sem komið hefur fram í langan tíma. Hún er gríðarlega sterk og er strax orðin lykilaður í okkar liði þrátt fyrir ungan aldur.“

Að lokum vildi Olga hvetja alla KR-inga til að vera duglega að mæta á völinn og styðja við bakið á stelpunum.

„Það er gríðarlegur metnaður hjá öllum, bæði hjá leikmönnum, þjálfara og stjórn og það væri hreinlega staðfesting á að við séum öll á réttri leið og virðing við þá sem leggja mikla vinnu við að gera liðið að því besta á landinu ef fólk fjölmennir á völinn. KR völlurinn er besti heimavöllurinn á landinu og það væri gaman að hafa þéttskipaða stúkuna á öllum leikjunum á 25. afmælisári kvennaboltans í sumar.“



6

MESTA ÁSKORUNIN

að fara í KR





KR-ingar voru heldur betur heppnir fyrir þetta keppnistímabil þegar þeir tryggðu sér þjónustu fyrrverandi fyrirliða ÍA, Gunnlaugs Jónssonar. Gulli hefur verið einn allra besti varnarmaður landsins um árabíl og er þar á ferð einnig mikill leiðtogi innan sem utan vallar. KR blaðið lagði nokkrar spurningar fyrir Gunnlaug og kom þar ýmislegt fróðlegt í ljós.

Eins og flestir vita þá er Gulli hreinræktaður Skagamaður að upplagi og hefur leikið lengi með þeim. En hvað var þetta langur tími upp á Skaga áður en þú komst í KR?

„Ég er fæddur 1974, og byrjaði á æfingum í kringum 1980 en þá stjórnaði Haraldur Sturlaugsson, pabbi Pálma og Sturlaugs, æfingum fyrir þá sem gátu ekki byrjað í 6. flokki. Það var engin 7. flokkur til þá. Ég kem uppi meistaraflokk 1994 þegar ég klára 2. flokkinn og kem þá inní gríðarlega gott og sigursælt lið. Ég kom lítið við sögu fyrstu tvö árin en fyrsta alvöru árið mitt er 1996. Ég lék með þeim til ársins 2005 fyrir utan eitt ár, 1998, þegar ég var í Svipjóð og Noregi.“

Gulli hefur verið í mörg undanfarin ár orðaður við KR en hefur aldrei látið að því verða að ganga til liðs við félagið fyrr en í ár. En hvað kom til að þú ákvaðst að slá til og ganga til liðs við KR?

„Það voru nokkrar ástæður fyrir því. Ég var orðinn leiður á keyrslunni milli Reykjavíkur og Akraness nær daglega stóran hluta ársins og svo voru hágr mínir að breytast. Ég og Kristín konan mín eignuðust barn fyrr á árinu og því taldi ég best að finna mér lið í höfuðborginni. Auk þess þurfti ég á nýrri áskorun að halda. Ég hef unnið allt sem hægt er að vinna með ÍA og átti þar frábæran tíma svo tímasetning að skipta um lið var góð. KR hefur áður verið í umræðunni hjá mér áður, en nú fannst mér mesta áskorunin vera að ganga í KR.“

Stærsta knattspyrnufélag landsins

Hvort sem fólki líkar vel eða illa þá er KR stórveldi í knattspyrnu og allir titlar félagsins tala sínu máli. En hvað gerir KR að stórveldi að þínu mati?

„Ég held að það byggist að hluta til frá fornu fari og svo hefur KR alltaf verið félagslega sterkt. Liðið var gríðarlega sigursælt á löngu tímabili og er klárlega stærsta knattspyrnufélag landsins og er höfuðborgarfélag. Þar hefur byggst upp mikil hefð í kringum félagið og hún hefur haldist vel um langan tíma. Stuðningsmenn fylkja sér bakvið félagið og andstæðingar elska að hata það. Þannig er það víða erlendis, eitt stórt félag sem aðrir öfunda og agnúast úti. Á móti er ÍA lið landsbyggðarinnar og hefur styrk sem aðrir öfundast út í. Þannig að það eru að mínu mati tvö stórveldi á Íslandi, ÍA og KR.“

Fyrir Íslandsmótið þá æfði KR-liðið gríðarlega mikið og vakti það mikla athygli almennings. En það eru ekki margir sem vita hvernig undirbúningnum var háttað. Hvernig var undirbúningnum háttað hjá ykkur KR-ingum?

„Hann hefur kannski verið þrískiptur. Fyrir jól æfðum við 8 sinnum í viku og þar af þrisvar á morgnana, 2 þrekæfingar og 1 klukkutímahlaup, hinar fimm æfingarnar voru boltaæfingar á gervisgrasi. Eftir jól var farið að spila og undirbúa liðið undir La Manga ferðina sem farin var um miðjan febrúar. Við æfðum sjö sinnum í viku og svo bættist einn leikur við. Eftir La Manga æfðum við svo 5-6 sinnum í viku plús einn æfingaleikur sem er sambærilegt hjá öðrum liðum.“

Það eru alltaf miklar væntingar í Vesturbænum og það mun aldrei breytast. Á undirbúningstímabilinu voru úrslit leikjanna ekki alveg að falla með liðinu og því var Gulli spurður hvort að það hafi haft einhver áhrif á liðið.

„Nei, þetta undirbúningstímabil var skritið. Það gekk mjög illa að landa sigrum lengi vel en merkilegt er að liðið var að spila vel en illa gekk að skora. Það gerðist svo að þetta fór að taka sinn toll og það komu tveir mjög slakir leikir gegn Val og Fram. Í síðustu tveim æfingaleikjum innbyrtum við góða sigra og náðum að halda hreinu. Það var mjög mikilvægt og menn komu með sjálfstraust í fyrsta leik gegn FH þó það hafi ekki farið eins vel og vonir stóðu til.“

Teitur með allt á hreinu

Gulli kemur með gríðarlega mikla reynslu inn í lið KR og hefur hann óspart gefið af sér eftir að hann kom til félagsins. Teitur Þórðarson þjálfari liðsins sá greinilega marga kosti í Gulla því hann var gerður að fyrirliða liðsins. Hvernig varð þér um þegar þú heyrðir þessar fréttir?

„Ég átti ekki von á að skipt yrði um fyrirliða og því kom það mér á óvart. En þetta er mikil heiður fyrir mig og kannski skrytið fyrir suma að sjá fyrrverandi fyrirliða ÍA í þessari stöðu.“

Eins og öll lið þá setja þau sér markmið í byrjun sumars og reyna svo eftir bestu getu að ná þeim og setja sér jafnvel hærri markmið. En hefur liðið sett sér markmið fyrir átökin í Landsbankadeildinni?

„Held að fyrsta markmið liðsins verði að taka þátt í toppbaráttunni og ná einhverjum stöðugleika í liðið. Ég sagði við heimasíðuna kreykjavik.is að allt Íslandsmeistaratal væri ótímabært og ég stend við það.“

Þegar viðtalið við Gulla fór fram þá var Íslandsmótið ekki hafið. Hann var þá spurður að því hvaða lið hann sæi fyrir sér í toppbaráttunni annars vegar og hvaða lið yrðu við botninn. „Ég held að það hafi sjaldan verið eins erfitt að spá í deildina, auðvitað eru lið eins og FH, ÍA og Valur ásamt KR oft nefnt í sambandi við toppbaráttuna en ég held að mótið geti orðið ansi jafnt og í raun ómögulegt að spá einhverju að viti um topp og botnbaráttu.“

Teitur Þórðarson er nýr þjálfari KR. Hann hefur gríðarlega reynslu af þjálfun og kom hingað til lands með miklum látum, í jákvæðri merkingu. Hann lét KR liðið æfa gríðarlega mikið og voru menn oft furðulostnir yfir æfingaaðlaginu. En hver er þín reynsla af Teiti svona í upphafi?

„Mjög góð, ég hef sjaldan haft eins skipulegan þjálfara sem

hefur eins skýra sýn varðandi það leikskipulag sem hann vill láta liðið spila. Heldur uppi góðum aga og æfingarnar eru fjölbreyttar og fyrsta flokks.“

En hvað vill Gulli segja við þá fjölmörgu stuðningsmenn KR sem hafa stutt liðið í gegnum súrt og sætt?

„Ég vona að þeir nái upp alvöru KR stemmningu sem maður hefur upplifað svo oft. Það þarf að vera brjáluð stemmning á pöllum sem virkar sem tólfmi maðurinn, Verði það þannig getum við bokað góða útkomu liðsins. Ég hef fundið mikinn drifkraft í félaginu í vetur og ég vona að hann haldist áfram. Það er magnað að upplifa stemmninguna sem leikmaður KR en ekki andstæðingur.“

Kom hingað til að vinna titla

Gulli hefur leikið með og gegn mörgum frábærum knattspyrnumönnum. En hver ætli sé sá besti sem hann hefur leikið með af öllum þeim fjölda?

„Það er Sigurður Jónsson, stórkostlegur leikmaður sem hafði allt, alveg synd að ekki hafi orðið meira úr hans ferli því hann hafði hæfileika til að spila með stærstu klúbbum heims.“

Gulli hefur leikið ótal leiki með ÍA í gegnum árin og örugglega margir af þeim afar athyglisverðir. En hver er eftirminnilegasti leikur sem þú hefur spilað?

„Ég hef spilað 5 úrslitaleiki, 3 í bikar og 2 um Íslandsmeistarattila, sá eftirminnilegasti var fyrsti stóri úrslitaleikurinn 1996. Úrslitaleikur aldarinnar ÍA-KR. Ég var óvænt settur í byrjunarliðið og það var ekki leiðinleg reynsla að landa þeim titli, það voru 7000 manns á þessum leik sem aldrei gleymist. Úrslitaleikurinn gegn ÍBV 2001 var einnig magnaður. Ég hef einu sinni tapað úrslitaleik, gegn KR í bikarnum 1999, það er reynsla sem ég er ekki tilbúinn að upplifa aftur.“

Það hefur án efa ekki verið auðvelt fyrir Gulla að skipa úr ÍA yfir í KR. Þessi tvö lið hafa marga hildina háð og baráttan aldrei langt undan en það sem ekki má gleyma er að virðingin milli liðanna er mikil. En fannstu mikið fyrir þessum félagsskiptum og hvað sögðu þínir nánustu?

„Ég hef fundið mikinn skilning á félagsskiptum mínum. Sumir eiga sjálfsgat erfitt og eru ekki sáttir við skiptin en fjölmargir hafa sýnt mér stuðning. Mín móðurfjölskylda tengist Val og HENSON. Frændi minn er einn þeirra sem ekki var ánægður, hann vildi fá mig í Val. En það er erfitt að gera öllum til geðs, en nú eru allir nokkuð sáttir.“

En hvað með markmið? Hefur þú sett þér persónulegt markmið í sumar?

„Mitt markmið í KR er að vinna titla, hvort það gerist í sumar kemur í ljós.“

Að lokum var Gunnlaugur spurður út í landsliðið. Er stefnan ekki sett á landsliðið?

„Nei, ég held að minn tími þar sé liðinn. Auðvitað er ég klár ef kallið kemur en ef ég lít raunsætt á málið þá held ég þjálfarinn vilji yngri stráka í liðið og horfi til framtíðar.“

Á FRAM



Þú færð KR
vörur hjá okkur



Jói útherji

KNATTSPYRNUVERSLUN

www.joiutherji.is

FRAMTÍÐARJAXL

á miðjunni



Jason Már Bergsteinsson er einn af fjölmörgum efnilegum strákum hjá KR. Þessi harðduglegi 18 ára gamli miðjumaður er leikmaður sem KR-ingar binda miklar vonir við en búast má við því að hann láti sjá sig í aðalliði KR áður en langt um líður.

Jason gekk til liðs við KR 15 ára gamall þegar hann fluttist heim frá Danmörku og sér hann ekki eftir því.

„Ég er mjög ánægður hjá KR. Ég hef verið með mjög góða þjálfara og líkar allt hjá félaginu mjög vel. Félagsandinn er mjög góður og við strákarnir höldum allir hópinn utan vallar sem innan enda margir saman í skóla. Það er nauðsynlegt að það sé góður mórall í hópnum til að öllum líði vel og góður árangur náist.“

KR eru bestir

Svar Jasonar við spurningu um hvort allir KR-ingar ætli sér að vera bestir um leið og þeir gangi til liðs við félagið var einfalt. „Við erum bestir!“ Það er þó ekki þannig að öll þjálfun í KR miðist við að búa til afreksmenn í íþróttinni. „Það er líka mjög mikil áhersla lögð á uppbyggilega félagsstarfsemi.“

Jason æfir með Meistaraflokki þrátt fyrir ungan aldur og gerir sér vonir um að leika sem allra fyrst sinn fyrsta Meistaraflokksleik. En hvernig hefur gengið á æfingum?

„Ég er reynslulítill en hef staðið mig þokkalega og vonast til að fá tækifæri fljótlega til að sanna mig.“

Hefur lært mikið af Teiti

Teitur Þórðarson þjálfari meistaraflokks karla hjá KR er þekktur fyrir að láta leikmenn hlaupa mikið og vera í góðu formi. Það er þó langt frá því að vera það eina sem menn græða á því að æfa hjá Teiti.

„Ég er búinn að læra margt af Teiti síðan hann tók við. Hann hefur meðal annars kennt mér að staðsetja mig betur á vellið og fjölmörg leikkerfi. Leikskilningur minn hefur aukist undir hans stjórn.“

Jason hefur mikinn metnað til að ná eins langt og hann mögulegast getur í fótboltanum en fyrir utan fótboltann eru helstu áhugamál hans að hlusta á tónlist og eyða tímanum með vinum sínum.

„Svo er ég á málabraut í Menntaskólanum í Reykjavík þar sem ég læri hin ýmsu tungumál og önnur fræði eins og Latinu. Það verður ekki mikið skemmtilegra en það,“ sagði þessi skemmtilegi miðjumaður sem á eflaust eftir að ná langt í boltanum með KR.

FYRIR BÖRNIÐ



Fyrir börnin – Lokalsins handbók
sem sýnir þórfum yngstu
ferðalanganna.

ÁHUGAFULLA
STRÖU



Áhugaverður staður
– Allir ákveypis



Móli – Skemmtilegur og óvæntur
fróðleikur um íslenska náttúru




Söguhornið – Íslendisagan
aðgengileg og ekki síst spennandi



Færfinnilegt – Allt sem þú
vilt ekki séur um Ísland



Óþinguleið – Fjölbreyttar leiðir
fyrir unga sem aldna



Ísland í nýju ljósi

Lokalsins er kominn handbók sem gjöfþreyttir afn
eldar á landið og hvernig á að ferðast þannig að
til fjölskyldan hafi gaman af. Fallegar lautir,
skemmtilegir busutakir, steinsljóður, helkur,
dularfullir nátturur og margt, margt fleira
– allt ákveypis.

Upplifum Ísland í gegnum bækinn,
að lokum á og nýttum




Besti þjálfari sem þú hefur haft?

Helena Ólafsdóttir núverandi þjálfari minn. Ég vil ekki hætta á það að þurfa taka aukaspretti á æfingum yfir að hafa svarað þessari spurningu vitlaust.

Radisson SAS H tel Sogn, Hagerberg
www.sognradisson.no, s tel 625 8870.





Björgólfur Takefusa




Landsbankinn





ÞURFUM AÐ MARKA afreksstefnu



KR ætlar að byggja upp til framtíðar og fengu einn besta og reyndasta þjálfara landsins, Teit Þórðarson, til að stýra þessari uppbyggingu. Teitur hefur lengi starfað erlendis, bæði sem leikmaður og þjálfari, og kemur með mikla reynslu og nýja nálgun inn í íslenskan fótbolta sem KR sérstaklega mun njóta góðs af.

Teitur er mjög ánægður með að vera kominn heim eftir langa dvöl erlendis og segist liða sérstaklega vel í KR. En hvernig list þjálfaranum á íslenskan fótbolta eftir öll þessi ár í Noregi og Eistlandi?

„Mér list mjög vel á hann þó mörg lið séu sérstaklega varnarsinnuð. Það er bara hluti af leiknum og okkar verkefni er að finna lausnir á þessu. Hver og einn getur spilað fótbolta eins og hann vill og við þurfum að þróa okkar leik því við höfum verið að spila vel en ekki náð að nýta færin okkar. Þá höfum við tekið áhættu sem hafa kostað okkur mörk í hinn endann. Ég er upptekinn af því að þróa sóknarboltann hjá okkur og þegar við erum komnir lengra með það verður þetta í góðu lagi. Ég er mjög ánægður með leikmannahópinn, þetta eru strákar

sem vinna vel til að verða betri leikmenn.“

Þó Teitur sé kominn til KR til að byggja upp til framtíðar á hinum fjölmörgu stórefnilegu strákum í yngri flokkum KR þá ætlar Teitur sér að komast með liðið á toppinn eins fljótt og auðið er.

„Það er alltaf og verður alltaf pressa hjá KR á að gera vel og þannig á það að vera en ég held að pressan sé ekkert meiri en sú sem við setjum á okkur sjálfir. Stjórnin vinnur markvisst að því að byggja upp til framtíðar og ég er mjög ánægður með það. Við óskum sjálfir eftir því að vera í toppbaráttunni og ætlum að vera komnir á toppinn eins fljótt og auðið er.“

Ungir leikmenn þurfa að æfa meira

Teitur segir margt vera líkt með norska boltanum og þeim íslenska þó norskri boltinn sé mun betri en sá íslenski í dag.

„Það sem er líkt er að í báðum löndum er spilaður kraftmikill fótbolti þar sem mikið gengur út á föst leikatriði. Bestu liðin í Noregi eru betri en þau bestu hér, sérstaklega hvað leikskípulag varðar. Það sama má segja um Eistland, þar eru tvö til þrjú bestu liðin betri en þau bestu hér.“

Það hafa orðið miklar framfarir í íslenskum fótbolta síðan

Teitur lék hér á landi og segir hann fótboltann í dag betri að öllu leyti þó enn sé hægt að gera betur.

„Það er engin spurning að framfarirnar hafa verið miklar. Fótboltinn er betri hvað varðar, tækni, hraða og leikskípulag. Þessu hefur fleygt fram. Aðstöðubreytingin spilar hér mikið inn í. Ef við hefðum hús fyrir öll lið ekki bara nokkur til að æfa í yfir vetrartímann er ekki spurning um hvað myndi gerast.“

Hugmyndir stjórnar KR og Teits eru að byggja upp sterkt lið til framtíðar á uppöldum KR-ingum. Hvernig list þér á yngri flokkana hjá KR við fyrstu sýn?

„Mér list mjög vel á þetta hjá KR. Það er unnið mikið og gott starf hér þó það þurfi að markaða afreksstefnu hjá félaginu. Það þarf að láta þá bestu æfa meira saman en gert er. Þá er ég ekki að tala um að fara niður í 5. flokk en þegar strákar eru komnir í 3. flokk og uppúr þurfa þeir að æfa meira og markvissara en gert er. Við erum alltaf að bera okkur saman við hinar og þessar þjóðir og þurfum því að hlúa að okkar bestu leikmönnum ef við eigum að standa jafnfætis öðrum þjóðum.“

Teitur segir íslenska leikmenn ekki taka nægum framförum þegar þeir eru komnir í elstu flokka



yngrí flokkanna vegna þess að þeir æfi ekki nóg. „Við vitum að þessir yngri leikmenn okkar hafa lengi staðið jafnfætis jafnöldrum þeirra erlendis þó þeir hafi ekki æft við eins góðar aðstæður. Það er vegna þess að þeir hafa verið mikið í fótbolta. Fótboltinn hefur þróast í þá áttina að þeir bestu fara minna á æfingar en áður því þetta hefur þróast í þá áttina að enginn má æfa meira en annar sem er ekki rétt. Ef þú ætlar að vera góður á píanó þarftu að æfa allan daginn en ætli þú að vera góður í fótbolta er það ekki leyfilegt.“

Þetta æfingaleysi er til þess að æ færri leikmenn eru fullmótaðir og tilbúnir til að koma inn í meistaraflokk úr öðrum flokki. Það þarf að gera ýmislegt til að búa leikmenn betur undir þetta stóra stökk. Það þarf fleiri krefjandi verkefni. Við erum með U23 ára liðið en það er mjög misjafnt hvernig mörg Landsbankadeildarliðin taka á því. Það eru ekki öll liðin sem senda sín bestu lið í þá keppni. Það vantar fleiri krefjandi verkefni sem eru áhugaverð fyrir þessa stráka. Ef öll lið myndu marka afreksstefnu fengjum við enn fleiri og betri leikmenn fyrr upp í Meistaraflokkana.“

Endalaus uppspretta

Það hafa margir þjálfarar kvartað undan því að ekki sé hugað nóg af kraftþjálfun ungra leikmanna og að hlaupageta leikmanna án bolta mætti iðulega vera betri. Hvað finnst þér um þetta?

„Það er enginn spurning að við dettum svolítið á milli tveggja stóla, milli hraða og þreks þegar komið er í Evrópukeppni. Það hefur reyndar verið þróunin alls staðar í heiminum að krakkar hafa minni hlaupagetu en áður var. Þetta snýst orðið meira um tækniæfingar og að leika sér með bolta sem er hið besta mál en það þarf að finna hinn gullna meðalveg á milli tækniæfinga og hlaupaæfinga. Ef þú getur ekki hlaupið án bolta verður þú aldrei góður knattspyrnumaður og því má ekki gleyma hlaupaþættinum í æfingum yngri flokkanna.“

Teitur hefur verið duglegur að gefa ungum leikmönnum tækifæri í Landsbankadeildinni í sumar og er mjög ánægður með strákana. „Þessir strákar hafa nýtt tækifærin sín mjög vel. Við getum ekki reiknað með að þessir ungu strákar séu bestu leikmenn liðsins í hverjum leik sem þeir spila. Þeir þurfa sinn aðlögunartíma og menn verða að hafa þolinmæði gagnvart þeim. Það er áhugavert að við erum með þrjá unga leikmenn

sem spila mjög mikið hjá okkur. Guðmundur Reynir Gunnarsson hefur spilað í öllum leikjunum okkar og staðið sig mjög vel. Skúli Jón Friðgeirsson var í liðinu í upphafi móts og allt undirbúningstímabilið en varð fyrir því óláni að meiðast og hefur misst úr mánuð en hann er óðum að jafna sig. Vigfús Arnar Jónsson sem var í láni hjá HK er kominn til baka og hefur fest sig í sessi í vinstri bakverðinum. Þarna eru þrír ungir KR-ingar sem eru komnir inn í Landsbankadeildina sem er mjög gott.“

„Það getur verið vandamál jú en vandamálið er í raun og veru það að margir sem fara út koma heim með neikvæða upplifun af atvinnuboltanum. Ég er þeirrar skoðunar að fá maður tækifæri til að fara út á maður að reyna að nýta það en það þarf að meta hvert tilfelli fyrir sig. Félagið er skuldbundið til að undirbúa leikmenn fyrir þetta stóra skref og til þess að það sé hægt þarf að marka afreksstefnu eins og ég segi. Það þarf að gera þær sömu kröfur til þessara leikmanna og þeir muni mæta þegar þeir halda yfir sjóinn. Þannig er það ekki í dag. Við erum langt frá því í dag og ef við ætlum okkur að sýna meiri framfarir er þetta lykilatriði fyrir íslenskan fótbolta. Ungir strákar þurfa að kynnast því hvað atvinnumennska býður uppá áður en þeir fara út.“

Veitingastaður fyrir alla fjölskylduna

...og að sjálfsögðu í vesturbænum

Pizzur
Fiskréttir
Samlokur
Eftirréttir
Hamborgarar
Grill
Pítur
Salöt

Hringbraut 119/Reykjavík sími 562 92 92



Þessi ísberg þú hefur elinka pizzanir, öðru, hefur verið hlaðborð og sent heim þess þá tilbúið.



Út að borða



fá sent heim



halda veislu

hádegisverðisboð • pizzatíðboð



Hlaðborð
í hádeginu
alla virka daga

krónur
1090
pr. mann

www.hrof.is

—í pizzum erum við bestir



ALLTAF STYRKIST ÉG í KR trúnni



KR á flestu og bestu stuðningsmenn landsins og hefur það verið staðreynd í mörg ár. Margir stuðningsmenn fylgjast með úr fjarlægð en mjög margir mæta á leikina og láta í sér heyra. Trausti Már Ingason er stuðningsmaður KR inn að beini. Honum leiðist ekki að tala um KR og hefur ávallt eitthvað til málanna að leggja. KR blaðið settist niður með honum og spurði hann út í KR, HM 2002 og KR fánann góða.

Hvað hefur þú verið KR-ingur lengi?

„Eins og allir sannir KR-ingar hef ég stutt KR síðan ég fæddist, eða frá því herrans sumri '68. Fyrsta minningin er þegar við félagarnir, þá 5-6 ára, vorum að grafa holur undir bárujárnsgríðinguna sem umlukti Melavöllinn sáluga til að komast á leiki. Að troða sér þar ítrekað undir er eflaust ein af ástæðunum fyrir því hvað ég er slæmur í bakinu í dag. En hver fórnar ekki einu baki fyrir KR?“

Það þarf ekkert að fara mörgum orðum um það að KR er stórveldi. Liðið er vel rekið með mikla hefð sem önnur lið eiga stundum erfitt með að sætta sig við. En hvað gerir KR að því

sem það er í dag að þínu mati?

„Það eru auðvitað fyrst og fremst allir titlarnir sem við höfum unnið en hinir ekki og öll sú öfund sem beinist að okkur fyrir vikið og lýsir sér oftast í skítkasti og lélegum afsökunum. Svo erum við auðvitað bæði stærstir, og margir segja ríkastir, sem er vonandi rétt. Þetta með peningana virðist vera viðkvæmt fyrir marga sérstaklega andstæðinga okkar. En ég segi: því meiri peningar sem við eigum, því betra.“

KR fáninn í Suður-Kóreu og Japan

Stuðningsmenn KR hafa í gegnum tíðina verið mjög



kröfuharðir sem leikmenn liðsins kannast vel við. Stundum hafa kröfurnar verið óraunhæfar og stundum réttmætar. En hvaða væntingar gerir þú til liðsins í sumar?

„Ég ætla nú ekki að fara að heimta marga titla. En það sem ég vil sjá og hefur klikkað undanfarin sumur er að vinna heimaleikina og þá meina ég alla heimaleikina. Það er verulega pirrandi að tapa heima sértaklega fyrir liðum sem talin eru vera lakari en við, sem sagt öllum liðum. Gangi þetta eftir er ekki óraunhæft að reikna með titli í haust.“

KR klúbburinn hefur verið starfræktur frá árinu 1993 og inniheldur rúmlega 600 stuðningsmenn. Trausti er að sjálfsögðu þar á meðal. Ertu sáttur með klúbbinn og er eitthvað sem þú sérð að mætti bæta í starfsemi hans?

„Klúbburinn hefur gengið svona upp og niður, svolítið eftir gengi liðsins. Það er kannski ekki skrítið því það getur verið erfitt að halda dampi ef illa gengur.

Í raun er allt sem klúbburinn gerir gott og þeir sem hafa verið í forsvari fyrir hann eiga hrós skilið. Þó svo að aðalastæðan fyrir því að menn séu í klúbbnum sé að styrkja félagið þarf að passa upp á að meðlimir fái þá þjónustu og fríðindi sem aðild á að veita. Það hefur klikkað og er ekki gott. Það verður spennandi að sjá hvað ný formaðurinn gerir.“

Frægt atvik átti sér stað á Heimsmeistarakeppninni árið 2002 sem haldin var í Suður-Kóreu og Japan. Það var leikur í beinni í sjónvarpinu þegar allt í einu blasti stór KR fáni á meðal áhorfenda í allri sinni dýrð. Þetta vakti að sjálfsögðu mikla athygli hérna heima og margir urðu forvitnir að vita hver ætti þennan glæsilega fána. Það var enginn annar en Trausti sem var þarna ytra einn síns liðs með fánann. Hver er annars sagan á bak við þetta ævintýri allt saman?

„Já sú saga, allt í lagi. Það vill svo óheppilega til að flestir minna bestu vina halda með öðrum liðum. Ástæðan fyrir því er sú að 10 ára var ég fluttur nauðugur viljugur úr paradísinni í Vesturbænum í óvinagettóid í þingholtunum og slitnaði þar með uppúr vinskapi mínum við mína ágætu æskufélaga. En alltaf styrktist ég í KR trúnni góðu. Þar var auðvitað allt morandi í rauðstökkum og nokkrir bláliðar leyndust þar innanum. Það var eiginlega til að stuða þessa ágætu féлага mína sem ég flaggaði í fulla stöng á HM. Svo hafði ég tekið eftir því hvaða áhrif fáninn góði hafði á menn þegar ég notaði hann sem gluggatjöld á Hringbrautinni. Í skemmstu máli virkaði þetta vel á KR-inga en illa á alla hina svo mér fannst tilvalið að bæði auka á gleði KR-inga og sömuleiðis bæta við gremju hinna. Það hafði reyndar viðtekari áhrif en mig grunaði í upphafi og ég komst að því síðar að þetta pirraði hreinlega alla þá sem ekki styðja stórveldið. Og auðvitað er ég fullkomlega ánægður með það. Þess má geta að ég nota ennþá fánann sem gluggatjöld þó ég hafi flutt mig um set.“

Lengi lifi KR

Það hefur ekki farið framhjá neinum KR-ing að nýr maður er í brúnni. Það er enginn annar en Teitur Þórðarson sem er mættur í Vesturbæinn með alla sína reynslu. Hvernig list þér



að fá Teit til að stjórna liðinu næstu árin?

„Mér skilst að hann hafi komið með nýja línu í þjálfun sem felst einfaldlega í því að þjálfra meira., meira og aðeins meira. Ef það virkar til árangurs list mér auðvitað mjög vel á. Heyrst hefur að menn séu þreyttir en maðurinn hlýtur að vita hvað hann er að gera með alla þessa reynslu. En það er í það minnsta gaman að hlusta á hann söngla á hliðarlínunni.“

Allir KR-ingar eiga sína uppáhaldsleikmenn og þar er Trausti engin undantekning. Hvernig myndir þú stilla upp þínu drauma KR-liði?

„Stjáni er auðvitað í markinu og setjum Kristján Örn, Móða og Sigga Örn í þriggja manna vörn. Á miðjunni eru Einsí Dan, Rúnar, Heimir, Bjarki og Bjarni Fel og frammi eru Gummi Ben og Ellert Schram. Ég myndi beita nýju leikkerfi þar sem Rauða ljónið myndi hafa frjálst hlutverk og klóra frá sér um viðan völl.“

Það eru kannski ekki allir sem vita að Trausti er mikill aðdáandi Bubba Morthens og er meðal annars eitt herbergi á heimili hans tileinkað honum. Ekki leiðist Trausta það að vita að Bubbi er að sjálfsögðu mikill KR-ingur. En hvernig KR-ingur er Bubbi?

„Bubbi er góður KR-ingur og ódauðlegur í KR fyrir það

að semja besta stuðningsmannalag í heimi. Verst að veiðitímabilið skarast á við boltatímabilið svo hann kemst ekki á marga leiki. En manni sem hefur samið 400 bestu lög Íslandssögunnar er margt fyrirgefið.“

Svo við snúum okkur aftur af þessum frægu kröfum. Er langt í titil hjá KR?

„Við erum væntanlega að tala um lengd í tíma en ekki vegalengd. Lengd, hvort heldur sem er í fjarlægð, tíma eða einhverju öðru er afar afstæð. Ef þú þarft að biða í fjóra mánuði eftir að fara á úrslitaleik á HM eru þeir lengi að líða. Ef þú aftur á móti ert að fara í sársaukafulla geldingu eftir fjóra mánuði á þér eftir að finnst það fljótt að líða. Ég er því miður ekki þess megnugur að sjá fyrir titla á lofti í vesturbænum, en ég vil trúa því að sá tími sem við þurfum að biða, fylli ekki meira en þessa fyrrnefndu fjóra mánuði.“

Að lokum, er eitthvað sem þú vilt segja við aðra stuðningsmenn KR?

„Bara að hafa trú á liðinu sínu, mæta á leiki jafnvel þó illa gangi og sofna með hvatningarorð stórveldisins á vörunum, um ókomna tíð. Allir sem einn.. Lifi KR!“



HIN HLIÐIN

Skúli Jón



Fullt nafn:
Skúli Jón Friðgeirsson

Aldur:
Verð 18 þann 30. júlí

Maki?
Nei nei

Uppáhalds matur?
hátiðarmatur að hætti foreldra minna

Besti skyndibitinn?
American Style

Uppáhalds sjónvarpsefni?

Friends, Prison Break og allt íþróttatengt efni

Besta bíómyndin?

The Shawshank Redemption

Lélegasta bíómyndin?

Baywatch myndin þarna hún var alveg skelfileg, leiðinlegt þar sem þættirnir voru mínir upphalds á sínum tíma

Uppáhalds hljómsveit/tónlistarmaður?

Queen, Radiohead, Coldplay og Friðrik Dór Jónsson

Besta útvarpsstöðin?

Létt 96,7 bullandi snilld

Uppáhalds drykkur?

Coke

Hvaða liði myndir þú aldrei spila með?

Fram fáránlega pirrandi klúbbur

Besti samherjinn?

Nafni minn Jónsson

Verst klæddi samherjinn?

Gunnar Kristjánsson, ákveðnar flíkur sem ég botna einfaldlega ekkert í

Erfðasti andstæðingur?

Ég sjálfur, klisjukennt svar kannski en alveg dagsatt

Auðveldasti andstæðingur?

Grímur Björn Grímsson (Fram)

Uppáhalds lið á Englandi?

Manchester United

Uppáhalds knattspyrnumaður?

David Beckham klárlega

Besti leikmaður KR fyrr og síðar?

Einar Þór Daníelsson snillingur jafnt innan sem utan vallar

Besti leikmaður Íslands fyrr og síðar?

Eiður Smári

Efnilegasti leikmaður landsins?

Bjarni Þór Viðarsson (Everton)

Grófasti leikmaður deildarinnar?

Nokkrir all svaðalegir, enginn sem „skarar framúr“

Besti íslenski íþróttamaðurinn?

Á erfitt með að gera upp á milli Eiðs Smára og Óla Stef

Besti íþróttafréttamaðurinn?

Pass, besti fótbaltaýsir er samt án efa Logi Ólafsson

Hvaða íþrótt myndir þú æfa ef þú værir ekki í fótbolta?

Körfubolta enda gífurlega efnilegur í þeirri íþrótt fram að 6 ára aldri

Besti þjálfari sem þú hefur haft?

Pétur Pétursson

Eitthvað að lokum?

Vil biðja aðdáendur um að sýna þolinmæði því þess verður ekki langt að biðja þangað til annað gullaldartímabil kemur, því get ég lofað ykkur



HRAÐI

Fatahreinsun og pressun
Ægisíðu 115
552 4900

- Hreinsun
- Þvottur
- Fataviðgerðir
- Skóviðgerðir
- Sækjum og sendum í fyrirtæki

sérhæfð meðferð á vönduðum fatnaði

MUNIÐ KR-AFSLÁTTINN



HERRA-KLIPPINGAR
DÖMU-KLIPPINGAR
KRAKKA-KLIPPINGAR



HÁRSNYRTISTOFAN
GREIFINN
HRINGBRAUT 119 - Sími 552 2077

Ein sú efnilegasta

Margrét Þórólfsdóttir lét mikið að sér kveða í liði KR á undirbúningstímabilinu þrátt fyrir að vera aðeins 16 ára gömul. Margrét hefur nú þegar leikið sína fyrstu leiki í Landsbankadeild kvenna í sumar en hún gerir þó ekki ráð fyrir því að spila stórt hlutverk í liðinu enda einstaklega róleg og hlédræg stúlka.

Margrét er fæddur og uppalinn KR-ingur og segir það mjög gott að alast upp í KR. „Ég hef yfirleitt verið með mjög góða þjálfara hjá KR sem skiptir mestu máli. Það skiptir líka miklu máli að leikmenn haldi hópinn utan vallar og að mórallinn sé góður. Það

væri í senn leiðinlegt og erfitt að spila saman sem lið ef mórallinn væri ekki í lagi. Ég þekki ekki annað en góðan félagsanda innan KR.“

Stefnir á landsliðið

Margrét stundar nám á viðskiptabraut í Verslunarskóla Íslands og á ekki í miklum vandræðum með að samræma námið og fótboltann. En hvert stefnir þú með ferilinn? „Ég velti þessu með feril ekki mikið fyrir mér. Ætli maður stefni ekki bara alltaf á að verða betri leikmaður, komast í landsliðið og eitthvað í þá áttina.“

Margrét segist ekki finna mikið fyrir því að KR einblíni á að búa til afreksmenn í íþróttinni og segir það vera eitthvað sem leikmenn finna til hjá sér sjálfir. „Ég held að það ætli sér allir sem æfa fótbolta að verða góðir en það er einstaklingsbundið

hvað leikmenn eru tilbúnir að ganga langt til að verða bestir. Það eru ekki allir tilbúnir að æfa aukalega eins og þarf til að ná langt. Þjálfunin hjá KR miðast ekki endilega alltaf við að búa til afburðaleikmenn. Það er hugað að mikið fleiri þáttum sem einnig skipta máli, ekki síður utan vallar en innan.“

Margrét æfir undir stjórn Helenar Ólafsdóttur í meistaraflokki KR en hún þekkir vel til hennar. „Helena hefur þjálfað mig áður og kennt mér margt í gegnum tíðina og vonandi er alltaf að bætast við það. Ég á svo sem ekki gott að svara því hvernig ég hef staðið mig með meistaraflokknum en ég vona að þetta sleppi allt saman,“ sagði hin ótrúlega hæfileikaríki en hlédrægi leikmaður sem KR-ingar eiga eftir að sjá mikið til á næstu árum.



*Bæjarins
bestu
pýlsur*

Melabúðin



Bolta Borgari & Stór Björ 1.250,-	Kjúlíngavængir & Fimm í Fötu 2.500,-
Bolta Borgari & Stórt Gos 1.100,-	Björkort 11 Stórir 4.500,-
	Boltabjör 490,-
VICTOR  RETRO-BAR	
Hafnarstræti 1-3 Sími 561 9555 www.victor.is	
	

Tvennutíloð

Þú sækir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og færð aðra pizzu sömu stærðar að auki.



Á KR-vellinum í 14 ár!

Við sendum þér SMS þegar pizzan þín fer í ofninn



58•12345



Ánanaustum

www.dominos.is



VIL SJÁ FLEIRI áhorfendur

Þrátt fyrir ungan aldur er Hólmfríður Magnúsdóttir einn allra besta leikmaður Landsbankadeildar kvenna. Hólmfríður hefur farið á kostum á miðjunni í liði KR og skorað grimmt. Hólmfríður gekk til liðs við KR að nýju fyrir sumarið eftir að hafa leikið í eitt tímabil með ÍBV.

Hólmfríður gekk til liðs við KR frá Fylki þegar hún var í þriðja flokki árið 1999 en sumarið 2001 hafði hún unnið sér sæti í byrjunarliði KR. Hún lék með KR þar til hún ákvað að breyta til og leika með ÍBV síðasta sumar. Hún er nú kominn í stórlíðið að nýju og er ákaflega sátt við það.

Bilið á milli toppliðanna og hinna er of stórt

KR hóf tímabilið ekki eins og best verður á kosid en hefur heldur betur rétt úr kútnum er liðið hefur á tímabilið og er til alls líklegt nú þegar endaspætturinn er rétt að hefjast. „Stemningin í liðinu er mjög góð. Við höfum spilað mjög vel er liðið hefur á sumarið og erum að toppa á hárréttum tíma. Ef við höldum uppteknum hætti út mótið getur allt gerst. Við getum hæglega náð Val eða að minnsta kosti Breiðablik að stigum. Við tökum samt aðeins einn leik fyrir í einu og hugsum ekkert lengra en það. Það sem gerist gerist, allt sem við getum gert er að halda áfram að sigrar okkar leiki.“

Landsbankadeild kvenna er tvískipt eins og svo oft áður.

Yfirburðir fjögurra efstu liðanna er með eindæmum og margir stórsigrar hafa liði dagsins ljós.

„Markatalan í leikjunum er hrikaleg. Það er ekki eðlilegt að leikir séu að vinnast með 10 marka mun eða meira. Það þarf að fækka liðum í deildinni eins og þetta er í dag og fjölga leikjum meðal bestu liðanna. Við skoruðum 22 mörk í tveimur leikjum í fyrri umferðinni og það er ekki í lagi.“

Það hefur lengi loðað við íslenska kvennaknattspyrnu að bestu leikmennirnir safnast saman í fáum liðum og stelpurnar virðast frekar sætta sig við að sitja á bekknum hjá bestu liðunum í stað þess að leika með slakari liðunum. Sem dæmi um þetta komu tvær stelpur úr FH í KR fyrir tímabilið en FH er með langslakasta liðið í deildinni eftir brotthvarf þeirra Sigrúnar Ólafar Ingólfssdóttur og Valdísar Rognvaldsdóttur sem báðar leika reyndar stórt hlutverk í liði KR.

„Valdís sagði mér um daginn að hún saknaði þess ekki að tapa stórt eins og hún upplifði svo oft með FH. Það virðist vera hefð fyrir því að bestu leikmennirnir safnist saman í fjögur bestu liðin. Það er ekki mikil breidd í boltanum hér heima og það er erfitt fyrir minni liðin að fá góða leikmenn til sín. Leikmenn vilja ekki

fara hvert sem er og verða í neðrihlutanum. Það er líka erfitt fyrir þau lið sem koma upp hverju sinni að fá til sín góða leikmenn.“

Sem dæmi um þetta má nefna hið unga og efnilega lið Fylkis sem kom upp í efstu deild fyrir sumarið. Þær tapa yfirleitt stórt en getur þetta ekki eyðilaggt ungar og efnilegar stelpur eins og eru þær?

„Þær koma ungar inn í deildina með enga reynslu og fá ekki til sín neina reynslubolta. Þó þær séu mjög efnilegar og fínt spilandi þá vantar reynsluna í lið þeirra og því eiga þær í þessu basli. Það er alveg ljóst að þær geta brotnað niður við þetta og ég væri alls ekki til í að vera í þeirra sporum. KSÍ þarf að láta til sín taka til að reyna að auka breiddina í kvennaboltanum. Það er ekki hægt að lið séu að skora yfir 50 mörk í 7 leikjum.“

Komin í landsliðið á ný

Hólmfríður náði sér ekki eins vel á strik með ÍBV síðasta sumar og hún hefur gert á ferli sínum með KR. Hólmfríður missti sæti sitt í landsliðinu í fyrra og hún leit til Helenar Þjálfara KR og fyrrum þjálfara Hólmfríðar í landsliðinu til að hjálpa sér að ná fyrra formi og vinna sér sæti í landsliðinu á nýjan leik.

„Helena er toppþjálfari. Það er létt yfir æfingum þó aginn sé vissulega til staðar. Maður lærir mikið á æfingum og ætti að taka framförum hjá henni. Það að hún þjálfar KR spilaði inn í að ég kom aftur hingað. Ég setti mér markmið að komast aftur inn í landsliðið sem ég hef þegar náð og nú er bara að halda áfram að spila vel svo ég missi ekki sætið þar aftur. Svo er draumurinn að komast í atvinnumennsku í Svíþjóð.“

Hólmfríður setti sér einnig markmið að skora meira á tímabilinu en áður en fyrra met hennar var 13 mörk. Hún er nú þegar komin með 14 mörk en hvað kemur til að hún hafi skorað svona mikið af miðjunni þegar mesta markadrottning Íslenskrar knattspyrnu, Olga Færseth, hefur aðeins skorað rétt rúmlega helming, 8 mörk, á við hana.

„Ég er framsækin og hef fengið leyfi til að spila framar. Svo nýt ég góðs af því að Olga er meira í að leggja upp mörk en áður. Olga er að spila frábærlega þó hún hafi oft skorað meira en áður. Þetta stafar frekar af því leikkerfi sem við spilum.“

Eins og áður segir hefur Hólmfríður unnið sér sæti í íslenska landsliðinu í fótbolta á nýjan leik en stelpurnar eiga ágæta möguleika á að vinna sér sæti á Heimsmeistaramótinu í fótbolta sem fram fer næsta sumar.

„Það er engin spurning að við ætlum okkar að sigrar riðilinn og komast á HM. Tapið í Tékklandi var svekkjandi en ég var auðvitað ekki í hópnum þar“, sagði Hólmfríður í léttum dúr. „Það er fín stemning í hópnum og við ætlum að vinna þessa heimaleiki sem við eigum eftir sem ætti að fara langt með að tryggja þetta. Við þurfum auðvitað að vinna Svía hér heima en ég held að við



eigum góða möguleika á því. Sá leikur er leikurinn til að sýna sig og sanna fyrir stelpurnar sem vilja eiga möguleika á að komast í atvinnumennsku.“

Hólmfríður vildi að lokum skora á alla KR-inga að láta sjá sig á vellinum og styðja við bakið á stelpunum í toppbaráttunni í lokin á mótinu.

„Ég vil sjá sömu áhorfendur á leikjunum okkar og mæta á karlaleikina. Það er sorglegt að hlaupa inn á völlinn og sjá ekki 10 hræður í tómrí stúkunni. Það er mjög illa mætt á leikina hjá okkur og er þetta til skammar. Á karlaleikjunum er stúkan troðin en það næst ekki 50 manns á okkar leiki. Ef fólk vill sjá mörk á það að mæta á leikina okkar. Við fögnum oftar eins og staðan er í dag.“

Rauða Ljónið



Eiðistorgi • Seltjarnarnesi

Stöndum saman!



KR-klúbburinn hefur verið gríðarlega öflugur undanfarin ár. Í klúbbum er fjöldi stuðningsmanna sem hafa það að leiðarljósi að efla stemmninguna á vellinum og styðja þétt við bakið á liði KR. Stefán karl Kristjánsson er formaður klúbbsins og hann segir okkur allt það helsta frá klúbbum og starfsemi hans.

„KR-klúbburinn var stofnaður árið 1993 og hefur æ síðan haft það að leiðarljósi að vinna að því að sameina stuðningsmenn KR. Markmiðið er að stuðningsmenn KR fái bestu mögulegu þjónustu sem hægt er að veita á leikdegi og í tengslum við félagið. Í dag eru á fjórða hundrað manns í klúbbum en fjöldi félagsmanna hefur oft verið í hlutfalli við þær væntingar sem menn gera til félagsins hverju sinni. Það er von mín að það takist að fjölga verulega í KR-klúbbum á næstu árum en ekki síður að fleira ungt fólk komi inn í starfið. Mér hefur á stundum þótt vanta að fólk sýni félögum sínum, þá meina ég ekki bara KR, meiri trygð og hætti að velta fyrir sér hvað það fái í skiptum fyrir stuðninginn og veiti þess í stað skilyrðislausan stuðning við eftirlætisfélag sitt. Ég vil taka sem dæmi um allan þann fjölda sem styður ensk fótboltafélög, kaupir búninga, bolta o.s.frv. eða greiðir rándýrar ferðir út í heim til að sjá liðið spila. Fyrir þennan stuðning krefjast menn einskis en þegar heimaliðið kallar þá þarf alltaf að fá eitthvað. Við þurfum aðeins að breyta afstöðu okkar og skilja að verið er að vinna

eins gott starf og mögulegt er en við afskaplega þröngan fjárhag. Ekki síst treystum við á gott sjálfbodastarf og að menn séu opnir og tilbúnir til aðstoðar.“

En sá sem þetta les vill gerast meðlimur í klúbbum hvert á hann að snúa sér?

„Ef einhver vill gerast meðlimur í KR-klúbbum eru nokkrar leiðir færar. Á vefsíðu knattspyrnudeildar KR er tengill inn á síðu KR-klúbbsins og þar er hægt að nálgast umsóknareyðublað. Á leikdögum erum við Sigurður ávallt tiltækir og hægt að hníppa í okkur. Eins verður fljótlega hægt að nálgast umsóknareyðublað í anddyri KR-heimilisins.“

En hvernig list þér svo á Íslandsmótið?

„Mér list óskaplega vel á Íslandsmótið og ég tel okkur með afskaplega gott lið. Lið sem hefur alla burði á að standa sig vel. Hugsunarháttur KR er og hefur alltaf verið þannig að við eigum að stefna á toppinn og berjast um titla í hvert eitt sinn. Auðvitað eigum við að halda í þá hugsun, enda styrkir hún okkur og sameinar. Í liðinu eru hins vegar margir ungir strákar, virkilega margir ungir strákar sem hafa staðið sig gríðarlega vel í yngri flokkunum og eru framtíðarleikmenn félagsins. Þeim verðum við að sýna þolinmæði og gæta þess að pressan á þeim sé ekki of mikil. Við stuðningsmenn KR verðum hreinlega að skilja þetta. Undanfarin ár höfum við þrýst á að byggja upp á heimamönnum og það er stefna félagsins í dag svo við verðum að gæta þess að skipta ekki um klár í miðri á.“

Nú er nýr maður að stjórna KR-liðinu. Hvernig list þér á hann?
„Margir hafa velt því fyrir sér hvort rétt hafi verið að fá Teit Þórðarson til starfa. Hann er einn reynslumesti þjálfari okkar Íslendinga, hefur helgað líf sitt þjálfun og kynnt sér starfið víðsvegar um Evrópu. Margir vilja þó benda á að hann hefur litla þekkingu á íslenskum fótbolta. Það er mín skoðun að ráðning Teits hafi verið mikið framfaraskref fyrir íslenska knattspyrnu. Nýir vindar blása um boltann á Íslandi og þjálfunaraðferðir Teits hafa nú þegar þrýst á aðra þjálfara að breyta sínum aðferðum og hefur það komið boltanum til góða. Ef marka má fyrstu umferðirnar í deildinni þá eru öll íslensku liðin einstaklega vel undirbúin og útlit fyrir marga spennandi leiki. FH-ingar fóru vissulega með stigin þrjú úr Frostaskjólínu en þau eru aðeins í láni og verða endurheimt í Hafnarfirðinum síðar í sumar.“

Það er ekki úr vegi að biðja Stefán að velja sitt draumalið en margir frábærir knattspyrnumenn hafa leikið fyrir félagið.

„KR-ingar hafa í gegnum tíðina haft mörgum frábærum leikmanninum á að skipa og er erfitt að búa sér til eitthvað draumalið. Væri hins vegar snúið upp á höndina á mér og ég neyddur til að velja draumaliðið þá væri það þannig. Kristján F. í markinu – ég man einfaldlega ekki eftir því að nokkur annar hafi staðið þarna. Þormóður Egilsson væri augljós valkostur í miðvörðinn og annar tveggja aðkomumanna, sem ég vel í liðið, David Winnie væri honum við hlið. Bakverðir KR væru Bjarni Þorsteins, enda fáir betri í vinstri bakk þegar hann er heill. Í hægri bakverðinum myndi ég kjósa Óskar Hrafn Þorvaldsson sem því miður hætti alltof alltof snemma. Á miðjunni væru Rúnar Kristinsson sem ég tel að skuldi KR-ingum eitt ár. Heimir Guðjónsson er KR-ingur og í raun grátlegt að Íslandsmeistaratitlarnir sem hann tók í svarthvítalitnum séu ekki röndóttir. Einar Þór er án nokkurs vafa minn maður á vinstri kantinum, hann og Hristo Stoichkov eru einu mennirnir í heiminum sem gaman er að horfa á tuðandi á vellinum. Hægra megin væri svo Arnar Jón Sigurgeirsson sem ég tel að KR-ingar hafi aldrei séð í réttu ljósi. Frammi væru Andri Sigþórsson, sem líkt og Óskar Hrafn hætti alltof alltof snemma. Meiðsli eru óþolandi.“

Frammi með Andra væri Guðmundur Benediktsson, sem er án nokkurs vafa skemmtilegasti leikmaður sem þetta land hefur nokkru sinni eignast. Í þessu liði eru 9 uppaldir KR-ingar, einn Skoti og Guðmundur Benediktsson, sem verður alltaf í mínum augum KR-ingur.“

Að lokum, hvað viltu segja við hina fjölmörgu stuðningsmenn KR?

„Að endingu vil ég segja við stuðningsmenn KR. Við verðum aldrei nokkru sinni sterkari en þegar við stöndum öll saman. Þjöppum okkur saman, stillum væntingum í hóf og munum sumarið 2006 sem árið sem gleðin kom aftur í KR.“

**VIÐ ELSKUM
FÓTBOLTA**



Landsbankinn

